

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Breyting á deiliskipulagi íbúðarsvæðisins Ásborgir í landi Ásgarðs.

Í breytingunni felst að lýsing meðfram vegi hækki úr 1,5 m í 4 m. Áfram er gert ráð fyrir að lýsing meðfram heimtröðum verði ekki hærrí en 1,5 m. Einnig eru ákvæði um að takmarka skuli ljósmengun með því að beina lýsingu niður.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. febrúar 2008.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 16. maí 2008.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. maí 2008